

Nd. 375. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki, sbr. lög nr. 39 24. maí 1972, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á vormissiri 1976 skal þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga þessara veita námslán á þann hátt, að lánasjóðurinn kaupi skuldabréf af lánþegum gegn almennum útláns-vöxtum viðskiptabankanna. Skulu tveir menn auk lánþega taka að sér sjálfskuldar-ábyrgð á greiðslu skuldabréfa þessara. Skal gjalddagi bréfa þessara vera 1. júní n. k. en eindagi 1. september n. k. Eftir gjalddaga bréfanna en fyrir eindaga þeirra gefst lánþegum kostur á því að greiða bréfin með því að gangast undir skuldbind-ingu um að endurgreiða höfuðstól bréfanna auk áfallinna vaxta í samræmi við þau ákvæði sem á þeim tíma verða í gildi um endurgreiðslu námslána skv. lögum um námslán og námsstyrki.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Óhjákvæmilegt er að úthluta námslánnum nú þegar. Vart kemur til greina að veita lengur óverðtryggð lán. Því er lagt til að gera þá breytingu á lögum um náms-lán og námsstyrki sem felst í þessu frumvarpi.